

Friðrik Baldursson garðyrkjustjóri
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogur, 13. febrúar 2023
Tilvísun: K-18290

Efni: Starfsleyfi fyrir opin leiksvæði í Kópavogi.


Samkvæmt reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. og reglugerð nr. 1025/2022, eiga leiksvæði að hafa gild starfsleyfi sem gefin eru út af heilbrigðisnefnd. Í því sambandi má taka fram að grunnskólar og leikskólar í Kópavogi eru með starfsleyfi og er litið þannig á að þau starfsleyfi innifeli einnig leyfi fyrir leiksvæðum þessara stofnanna. Opin leiksvæði í Kópavogi eru hins vegar ekki með starfsleyfi.

Sækja þarf um starfsleyfi fyrir öllum opnum leiksvæðum sveitarfélagsins hjá heilbrigðiseftirlitinu. Gert er ráð fyrir að aðeins eitt starfsleyfi verði gefið út en í fylgiskjali við leyfi verði listi yfir þau leiksvæði sem starfsleyfið nær yfir. Hvert leiksvæði þarf eigi að síður að skrá í kerfi heilbrigðiseftirlitsins og er best að gera það með því að rekstraraðili fylli út [umsókn](#) á vefnum fyrir hvert leiksvæði. Jafnframt þarf að skila inn upplýsingum um leiksvæðin í excel skjali og senda það til heilbrigðiseftirlitsins. Umsókn um starfsleyfi verður tekin fyrir á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins og lagt fyrir heilbrigðisnefnd til formlegrar staðfestingar.

Um opin leiksvæði gildir meðfylgjandi reglugerð um um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 1025/2022. Hún gerir ítarlegar kröfur um innra eftirlit rekstraraðila með leiktækjum og leiksvæðum. Hún felur m.a. annars í sér reglubundna yfirlitsskoðun, sem þarf að framkvæma eftir notkun og álagi á leiksvæðinu, rekstrarskoðun 2-4 sinnum á ári og aðalskoðun sem getur verið á 1-3 ára fresti. Að auki þarf að hafa ítarlega rekstrarhandbók. Innra eftirlit sveitarfélagsins og rekstrarhandbók á að miða að því að finna og halda utan um mögulega annmarka á leiktækjum og leiksvæðum en aðaláherslan ætti að vera á að gera við það sem er í ólagi. Ef alvarlegt slys verður, svo og slys sem telja má að rekja megi til leikvallatækis, búnaðar eða leiksvæðis, skal tilkynna það til heilbrigðiseftirlits.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ráð fyrir að árlegt samstarf þurfi að vera við ábyrgðaraðila leiksvæða hjá sveitarfélaginu og að m.a. þurfi að skoða innra eftirlit og rekstrarhandbók. Senda þarf heilbrigðiseftirliti afrit af skýrslum úr rekstrarskoðun og aðalskoðun leiksvæða þegar þær liggja fyrir á hverju ári eða í síðasta lagi í febrúar fyrir síðasta ár. Eftirlit heilbrigðiseftirlits með einstökum opnum leiksvæðum verður skv. eftirlitsáætlun heilbrigðiseftirlits fjórða hvert ár.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins


Árni Davíðsson
deildarstjóri hollustueftirlits